



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 4. FEBRÚAR 2009

ÁHERSLUR NÆSTU 80 DAGA

... mörg viðamikil og erfið verkefni blasa við nýrri ríkisstjórn ...

Við nýrri ríkisstjórn blasa mörg viðamikil og erfið verkefni sem miða að því að endurreisa íslenskt hagkerfi. Staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur versnað hratt og rekstrarumhverfi fyrirtækja samhliða. Gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur lækkað um nærri helming á skömmum tíma, hlutabréfamarkaður er nær horfinn, atvinnuleysi hefur aukist hratt, skuldir ríkissins hafa margfaldast, verðbólga er há og vextir einnig. Ofan á þetta hafa bæst höft á fjármagnsflutninga og gjaldeyrisviðskipti auk þess sem orðspor Íslands á erlendri grundu hefur beðið hnekki. Af þessu er ljóst að rekstarumhverfi fyrirtækja á Íslandi er með versta móti og heimilin hafa orðið fyrir verulegum búsifjum.

... nú skiptir sköpum að viðhöfð verði skjót og markviss vinnubrögð ...

Verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar endurspeglar að miklu leyti þessa erfiðu stöðu en vegna þess hversu starfstími hennar er naumur skiptir sköpum að viðhöfð verði skjót og markviss vinnubrögð. Afar mikilvægt er að tryggja skilvirka og hraða afgreiðslu þeirra verkefna sem mest knýr á að hrinda í framkvæmd. Því ætti ríkisstjórnin að leggja áherslu á óumdeild og hagnýt úrlausnarefni sem miða að því að greiða úr erfiðri stöðu efnahagsmála fremur en umdeild og pólitísk málefni. Ný ríkisstjórn, takmörkuð í tíma og þar með umboði, hefur í raun ekki annað hlutverk en að efla hag fyrirtækja og heimila til skemmri tíma.

... ákvarðanir tengdar stærri pólitískum málefnum eiga að bíða fram yfir kosningar ...

Í ljósi þess hve skammt er til kosninga er eðlilegra að ákvarðanir tengdar stærri pólitískum málefnum og langtímaverkefnum í efnahagsmálum bíði þar til núverandi ríkisstjórn hefur endurnýjað umboð sitt eða önnur tekið við. Ástæður þess eru tvíþættar. Annars vegar færi dýrmætur tími til spillis í orðaskak og rökræður í þingsölum og þjóðmálaumræðu tengdar málum sem ekki eru hluti bráðavandans. Hins vegar er hætt við að samstaða þjóðarinnar í þeim mikilvægu skammtímaverkefnum sem nú blasa við myndi rýrna verulega ef ráðist yrði í mörg umdeild verkefni. Það er því skynsamlegt að ný ríkisstjórn gangi rösklega til verks með það að markmiði að greiða úr þeim aðkallandi vanda sem heimili og fyrirtæki standa frammi fyrir í dag og leggja grunn að endurreisn hagkerfisins.

... mikilvægasti þáttur endurreisnar eru skjót viðbrögð stjórnvalda ...

... ný ríkisstjórn verður að sýna kjark og þor til að taka erfiðar ákvarðanir ...

... mikilvægt er að starfsemi Alþingis verði til fyrirmyndar á næstu misserum ...

... um mörg verkefni hefur þegar skapast víðtæk sátt ...

VÍÐTÆK SÁTT UM ENDURREISN

Reynsla af fjármála- og gjaldeyriskreppum frá öðrum löndum hefur sýnt að mikilvægasti einstaki þáttur endurreisnar í kjölfar efnahagshruns eru skjót viðbrögð stjórnvalda. Því fyrr sem brugðist er við vandanum með afgerandi hætti þeim mun skemmri tími líður þar til hagkerfið kemst á braut varanlegrar endurreisnar. Talsvert hefur skort á slík viðbrögð fram að þessu og hafa brýn úrlausnarefni verið í biðstöðu of lengi. Fyrirtækin, heimilin og í reynd gjörvallt hagkerfið mega ekki við frekari doða í þessum efnum.

Viðfangsefni stjórnvalda næstu 80 daga er að höggva á hnút biðstöðu og leggja grunninn að farsælli endurreisn hagkerfisins. Um þetta verkefni þarf að skapast víðtæk sátt meðal almennings, atvinnulífs og stjórnkerfis. Þessir aðilar þurfa að sammælast um að ná þeim árangri sem þarf til að snúa málum til betri vegar. Greiðar samskiptaleiðir, gott samstarf og jákvætt hugarfar skipta þar meginmáli. Jafnframt skiptir miklu að erfiðum og óvinsælum aðgerðum, t.a.m. í ríkisfjármálum, sé mætt af umburðarlyndi og skilningi. Þeim er ætlað að stytta líftíma yfirstandandi efnahagsþrenginga og eru því til lengri tíma litið öllum landsmönnum til hagsbóta. Það veltur hins vegar á reglulegri og nákvæmri upplýsingagjöf stjórnvalda um markmið aðgerða og þær fórnir sem færa þarf hvort slík samstaða næst. Nú er ekki tími ákvarðana sem njóta tímabundinnar hylli, ný ríkisstjórn verður að sýna kjark og þor til að taka erfiðar ákvarðanir – þó óvinsælar séu.

Að sama skapi er mikilvægt að skipulag og starfsemi Alþingis verði til fyrirmyndar á næstu misserum. Koma þarf í veg fyrir að hagsmunir stjórnmalaflokka, komandi prófkjör og kosningabaráttan setji mark sitt þar á. Árangur næstu 80 daga veltur á því að góðum lausnum sé veitt brautargengi í meðförum Alþingis. Það þýðir hins vegar ekki að frumvörp eigi að vera afgreidd í óðagoti, enda er það grundvallarþáttur löggjafafærlisins að þingmenn, þingnefndir og hagsmunaaðilar fái að koma að meðferð frumvarpa með virkum hætti. Með því móti er dregið verulega úr þörfinni á skjótri endurskoðun laga og reglna líkt og grípa þurfti til með nýjar gjaldeyrisreglur Seðlabankans. Slíkur losarabragur er engum til góða og stjórnvöld mega illa við því að eyða takmörkuðum starfstíma sínum í að slökkva elda sem koma hefði mátt í veg fyrir.

ÁHERSLA Á ÓUMDEILD VERKEFNI

Eins og nefnt var þá eru verkefnin fjölmörg og viðamikil en mörg þeirra eru hins vegar þess eðlis að um þau hefur þegar skapast víðtæk sátt. Þau verkefni snúa helst að því að stuðla að lækkun vaxta, afnema hömlur á gjaldeyrisviðskipti, koma lagi á laskaðan fjármagnsmarkað og auka aðgengi að lánsfé, greiða úr skuldavanda og að tryggja að ósveigjanleg gjaldþrota- og skattalöggjöf standi ekki í vegi hagfelldrar úrlausnar fjárhagsvandamála fyrirtækja og heimila. Að auki þarf að tryggja að nýtt bankakerfi uppfylli þarfir atvinnulífs, sem er forsenda þess að efnahagslegum bata verði náð. Þessi aðgerðalisti er á engan hátt tæmandi, en hann felur í sér nauðsynleg fyrstu skref í átt til varanlegrar lausnar.

Þrátt fyrir fjölmörg hagræn vandamál þá er stærsta vandamál Íslands um þessar mundir skortur á trúverðugleika. Ein frumforsenda fyrir velgengni Íslands á komandi mánuðum og árum er að traust og orðspor hagkerfisins

verði byggt upp, bæði innanlands og utan. Í þeim efnum skiptir mestu að ríkisstjórn og Alþingi skipi sér að baki efnahagsáætlunar Seðlabankans og ríkisstjórnar í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sú áætlun myndar ramma um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að vinna að skjótri endurreisn og þann ramma þarf að nýta til hins ítrasta fram að kosningum í góðu samstarfi við sjóðinn.

... ný ríkisstjórn verður að forgangsraða verkefnum sínum ...

Margar mikilvægar ákvarðanir um ofangreind málefni voru teknar í tíð fyrri ríkisstjórnar, þó skort hafi á haldbæra framkvæmd, og það skiptir miklu að þeim verði fram haldið með markvissum hætti. Forðast verður að leggjast í grundvallarbreytingar á fyrri stefnumörkun enda er tíminn naumur og mikið í húfi. Að sama skapi verður ný ríkisstjórn að forgangsraða verkefnum sínum þannig að umdeild pólitísk mál verði látin bíða fram yfir kosningar enda eru þau einungis til þess fallin að tefja fyrir úrvinnslu brýnni verkefna.

FRAMTÍÐARSTEFNA MÓTUÐ FYRIR KOSNINGAR

... stjórnmalaflokkar verða að nýta tímann fram að kosningum til að marka skýra framtíðarstefnu ...

Um leið og ný stjórnvöld taka rösklega til hendinni í efnahagsmálum lands og þjóðar er mikilvægt að stjórnmalaflokkarnir nýti tímann fram að kosningum til að marka sér skýra framtíðarstefnu um stöðu og stjórn efnahagsmála. Slík stefna þarf að snúast um endureisn með áherslu á uppbyggingu sterkara hagkerfis sem byggir á fleiri og traustari stöðum til hagsældar fyrir Íslendinga.

... ekki má byggja á innhverfum lausnum og þjóðerniskennd ...

Sú framtíðarstefna má ekki byggja á innhverfum lausnum og þjóðerniskennd enda myndi það koma verst niður á líf skjörum hérlandis. Við undirbúning stefnu fyrir næstu kosningar ættu stjórnmalaflokkarnir því að forðast heimatilbúnað lausnir og leita frekar í smiðju annarra þjóða sem lent hafa í álíka efnahagslegum hamförum og Ísland glímir nú við. Áherslu verður jafnframt að leggja á opið hagkerfi, markaðsbúskap, stöðugt atvinnustig og ráðdeild í ríkisfjármálum. Reynsla Vesturlanda hefur sýnt að slík stefnumörkun skilar betri árangri í formi lífsgæða og velsældar en stefna verndar og hafta. Framtíðarstefna í atvinnumálum hérlandis ætti jafnframt að hlúa að því smáa, nýja og fjölbreytta og hafa hæga, örugga og sjálfbæra þróun að leiðarljósi í stað hraða og óvissu.

... skjót og fumlaus viðbrögð stjórnvalda mun varða braut varanlegrar endurreisnar ...

Aðgerðir stjórnvalda næstu 80 daga eiga hins vegar ekki að snúa að pólitískri stefnumörkun til lengri tíma. Til þess hafa þau ekki nauðsynlegt svigrúm eða umboð. Verkefni þeirra liggur skýrt fyrir: Greiða þarf úr þeim aðkallandi fjárhagsvanda sem heimili og fyrirtæki standa frammi fyrir í dag. Skjót og fumlaus viðbrögð nýrra stjórnvalda í þessum efnum munu varða braut varanlegrar endurreisnar og leggja þannig grunn langtíma stefnumörkunar í komandi kosningum.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Davíð S. Davíðsson hagfræðingur Viðskiptaráðs og Haraldur I. Birgisson lögfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510-7100.